



Fundargerð ***Stjórnarfundur nr.61***

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í Menningarhúsinu Miðgarði, fimmtudaginn 26. febrúar 2015, kl. 13.30.

Mætt voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson, Ólöf Harpa Jósefsdóttir, Margeir Friðriksson og Kristján Jónasson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársreikningur 2014 til samþykktar og undirritunar
3. Grænt bókhald – undirritun
4. Fjárhagsáætlun 2015
5. Starfsmannahald – auglýsing
6. Aðalfundur 2015
7. Önnur mál

Formaður félagsins, Magnús B. Jónsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð
2. Ársreikningur 2014
Kristján Jónasson frá KPMG fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2014. Rekstrartekjur voru kr. 137.109.913, rekstrargjöld kr. 63.331.375 og niðurstaða rekstrar kr. 59.008.546. Eigið fé kr. 123.735.878 og handbært fé í lok árs kr. 105.618.554. Stjórn félagsins samþykkti ársreikninginn, áritaði hann og vísaði til staðfestingar aðalfundar.
3. Grænt bókhald
4. Fjárhagsáætlun 2015
Margeir Friðriksson fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2015. Til grundvallar er reiknað með 2,7% verðlagsreytingum milli ára. Rekstrartekjur og rekstrargjöld hækka um 7% aðallega vegna fyrirhugaðrar móttöku á sorpi frá V- Hún. Reiknað er með óbreyttri gjaldskrá og 5,3% betri rekstrarafkomu milli ára. Handbært fé hækki um 55 milljónir, verði 160 milljónir króna í árslok.



5. Starfsmannahald – auglýsing

Formaður fór yfir starfsmannamál félagsins og drög að auglýsingu eftir starfsmanni. Umræður um hvort og þá hvenær félagið þyrfti að ráða framkvæmdastjóra, sem sjá myndi um reksturinn. Komandi stjórn falið málið.

6. Aðalfundur

Umræður um aðalfund félagsins er fram fer að loknum fundi stjórnar.

7. Önnur mál

Engin

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.45
Fundargerð ritaði Gísli Árnason

Magnús Þórunn
Ólafur Þorsteinsson
Sev dígurðsson